



Skýrsla Háskólafélags Suðurlands til
Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga
um Menntahvöt, áhersluverkefni

Desember 2022



Þann 15. febrúar 2021 var undirritaður samningur milli Háskólafélags Suðurlands og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um áhersluverkefnið Menntahvöt, tilvísunarnr. 203007.

Verkefninu var skipt upp í átta verkþæti.

Hér verður farið yfir hvern verkþátt.

Verkþáttur 1: Gerð lógós og sniðmáta fyrir kynningarefni, bæði á prent- og myndmiðlun. Á síðari stigum verði metið hvort vefsíða verði byggð upp.

Elín María Halldórsdóttir hannaði lógó Menntahvatar og sniðmát fyrir kynningarefni.

Upplýsingar um Menntahvöt hefur mátt nálgast á starfamesa.is/menntahvot. Þegar heimasíða Háskólafélags Suðurlands (www.hfsu.is) var endurbætt haustið 2022 var ákveðið að hafa eina undirsíðu þar fyrir Menntahvöt (www.hfsu.is/menntahvot) til að tryggja að upplýsingar úr verkefninu myndu lifa áfram og vera uppfærðar reglulega.

Verkþáttur 2: Greining á upplýsingum um menntastig, m.a. eftir landshlutum, sveitarfélögum, kynjum og uppruna. Göng fyrir þennan þátt voru aðallega fengin úr vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar frá 2019 og þau borin saman við gögn úr manntali frá 2011. Niðurstaða vinnumarkaðskönnunarinnar var að háskólamenntun á Suðurlandi er undir landsmeðaltali og háskólamenntaðar konur eru næstum tvöfalt fleiri en karlar. Háskólamenntun á Suðurlandi hefur aukist frá 2011, um 9,4% hjá körlum og 13,2% hjá konum. Starfs- og framhaldsskólamenntun á Suðurlandi er yfir meðaltali, sérstaklega hjá körlum. Starfsmenntuðum körlum hefur þó fækkað hlutfallslega (-10,4%) frá 2011 á meðan fjöldi kvenna með starfs- og framhaldsmenntun stendur í stað. Fjöldi karla með grunnmenntun stendur í stað frá 2011 á meðan hlutfall kvenna með grunnmenntun lækkar um 13,5%. Menntun karla virðist því hafa færst frá starfs- og framhaldsskólamenntun yfir í háskólamenntun á meðan þeir sem einungis eru með grunnmenntun standa í stað. Hjá konum færir menntunin frá grunnnámi yfir í háskólanám. **Í viðhengi 1 er að finna niðurstöður eftir aldri og kynjum.** Þessar niðurstöður verða birtar á vefslóð Menntahvatar og eins er hvatt til þess að þær verð birtar á vef SASS.

Verkþáttur 3: Kortlagning á námsinnviðum í héraðinu, skólum og öðrum fræðsluaðilum, námsverum og fl., þ.m.t. aðgengi og kostnaði. Upplýsingar um námsver á Suðurlandi er að finna inni á heimasíðu HfSu, www.hfsu.is/menntahvot/namsver-a-sudurlandi. Kortlagning náms er með í verkþætti 4. Verið er að vinna í því að setja upp kortlagningu af öðrum námsinnviðum inn á Menntahvatar svæðinu á vefsíðu HfSu og verður það sér dálkur þar sem kynntir sérstaklega sunnlenskir framhaldsskólar og sú fullorðinsfræðsla sem rekin er á svæðinu. Sú vinna er í gangi og klárast öðru hvoru megin við áramót.

Verkþáttur 4: Kortlagning á sveigjanlegu námsframboði í landinu (fjarnám/dreifnám). Horft verði bæði til sjónarhóls einstaklingsins og fyrirtækjanna. Á undirsíðu Menntahvatar www.hfsu.is/menntahvot/#fjarnamsleidir er að finna kynningu á fjarnámi á framhalds- og háskólastigi, auk aðfaranáms að háskólum og öðru sveigjanlegu námi. Sá hluti sem fjallar um annað sveigjanlegt nám horfir bæði til sjónarhóls einstaklinga og fyrirtækja.

Verkþáttur 5: Kynning á námsmöguleikum erlendis frá, sérstaklega fyrirkomulagi eins og MOOC (Massive Open Online Courses, edX, Coursera og Udemy. Sjá umfjöllun um annað sveigjanlegt nám undir verkþætti 4.

Verkþáttur 6: Gerð sviðsmynda um framtíð Suðurlands með ungmennum á Suðurlandi. Haldninn var vinnufundur með Ungmennaráði Árborgar og Ungmennaráði Suðurlands haustið 2022 þar sem farið var yfir hvaða hug þau hefðu til menntunar á Suðurlandi, atvinnumöguleikum og samfélagi og innviðum almennt. Þessi umræðuefni voru síðan send á öll ungmennaráð á Suðurlandi til umfjöllunar. Svör bárust frá fjórum ungmennaráðum til viðbótar við hin ungmennaráðin tvö. **Niðurstöður umfjöllunar þeirra er að finna í meðfylgjandi viðhengi 2.** Einnig hafa verið gerðar kannanir meðal útskriftarnema framhaldsskólanna á Suðurlandi um viðhorf þeirra til frekara náms og hvar þeir vilja stunda sitt nám. **Niðurstöur könnunar frá vorinu 2022 fylgja með sem viðhengi 3.** Samræmi er í svörum útskriftarnema og ungmennaráðanna að því leiti að kallað er eftir meira námsframboði á háskólastigi á Suðurlandi og að hægt sé að stunda nám í heimabyggð. Einnig vilja nemendur geta búið á nemendagörðum og hafa aðgang að lesstofum.

Verkþáttur 7: Auglýsingaherferð á samfélagsmiðlum, einkum þegar skólar eru að auglýsa innritun fyrir haustönn og vorönn. Útbúnaðar voru auglýsingar í tengslum við kynningar og umsóknarfresti háskólanna, um námsver á Suðurlandi sem og sérstakar námsleiðir sem HfSu hefur átt samstarf um að reka líkt og fagháskólanám í leikskólafræðum. Auk þess var Lógó Menntahvatar keyrt á samfélagsmiðlum með sérstaka áherslu á Instagram. **Sjá viðhengi 4.**

Verkþáttur 8: Fundir/málþing vítt og breitt um héraðið í samvinnu við þekkingarsetur, símenntunarstöðvar, framhaldsskóla og sveitarfélög. Verkefnið verður kynnt fyrir sveitastjórnnum á fundum Háskólafélags Suðurlands og SASS sem fyrirhugaðir eru í byrjun árs 2023. Niðurstaðan verður kynnt á Degi atvinnulífsins sem stefnt er að að halda á Suðurlandi vorið 2023. Niðurstaðan verður einnig kynnt fyrir framhaldskólum á Suðurlandi. Þá verður vakin athygli á niðurstöðunum á heimasíðu Háskólafélagsins, auk annarra samfélagsíðna félagsins og Hreiðursins. Einnig er lagt til að SASS birti niðurstöður verkefnisins á sinni heimasíðu. Boðið verður upp á að skólar, félagasamtök og aðrir áhugasamir aðilar geti fengið kynningarfund um verkefnið.

Það skal einnig tekið fram að HfSu hefur allan hug á að nýta áfram kynningar- og auglýsingaefni verkefnisins til þess að vekja athygli á menntunarmöguleikum á Suðurlandi, bæði almennt og þegar um sértækar leiðir er að ræða. Eins mun félagið halda áfram að leggja fyrir áhugakönnun meðal útskriftarnema sunnlenskra framhaldsskóla til þess að vakta þeirra áhuga og áherslur svo hægt sé að veita þjónustu við hæfi.

Háskólafélag Suðurlands sótti um nýtt áhersluverkefni, Menntahvöt II, í framhaldi af þessu verkefni sem bíður afgreiðslu stjórnar SASS. Menntahvöt II hefur það markmið að menntunarstig á Suðurlandi hækki, að staða erlendra ríkisborgara batni, að hamingja Sunnlendinga aukist. Þá er litið til tveggja þátta sérstaklega; annarsvegar með því að afla upplýsinga um menntun nýbúa á Suðurlandi og hjálpa þeim í framhaldinu að fá menntun sína metna þannig að starfskraftar þeirra nýtist sem best, og hinsvegar með því að hvetja íbúa af erlendum uppruna til þátttöku í íslenskukennslu sem hjálpar þeim að aðlagast samfélaginu.